



## Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 19. desember 2017

Haldinn í Háskólasetri Vestfjarða. Fundur settur kl. 16:40. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri, Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Leikmannamál  
Farið yfir stöðuna. Sveini falið að upplýsa Nemanja um starfskjör til að tryggj sé að hann sé upplýstur. Sveini einnig falið að fara yfir starfskjör við Nebojsa.
2. Húsnæðismál  
Komið hefur ósk frá Ísafjarðarbæ um að körfuknattleiksdeildin skili íbúð 401 og fái í staðinn íbúð 302 í Múlalandi. Samþykkt að verða við þessari ósk.
3. Íþróttamaður ársins hjá Ísafjarðarbæ. Birna Lárusdóttir vék af fundinum undir þessum lið. Formaður fundaði með yfirþjálfara um málið. Yfirþjálfari hefur sent stjórn tillögu að tilnefningum. Tillaga yfirþjálfara samþykkt.
4. Æfingaaðstaðan  
Farið yfir stöðu mála vegna leikja í janúar. Ljóst að einhver seinkun verður á að gólfíð verði tekið í notkun miðað við upphafleg fyrirheit.
5. Jólagjafir til starfsmanna og starfsmanna íþróttahúsanna.  
Birnu og Sveini falið að afgreiða þetta.
6. Fjármál  
Sveinn fór yfir stöðuna. Farið yfir útistandandi reikninga og útgjöld sem eru framundan. Endurnýjun samnings við Íslandsbanka. Sveinn og Guðni Guðnason ganga til viðræðna við Íslandsbanka.
7. Önnur mál.
  - a. Formaður Vestra, Hjalti Karlsson sendi erindi þess efnis að til stæði að stofna hússtjórn Vestra vegna félagsaðstöðu í Vallarhúsinu. Óskað er eftir tilnefningu frá körfuknattleiksdeildinni. Ákveðið að tilnefna Guðmund Einarsson og Magnús Heimisson til vara.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:30.